

Alþingi  
Erindi nr. P 137/419  
komudagur 25.6.2009



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVÍK UNIVERSITY

25. júní 2009

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Umsögn um Frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum**

118. mál

Ríkissjóður er nú rekinn með gífurlegum halla. Nauðsynlegt er að tekið verði á þessum halla á rekstri ríkisins til að koma í veg fyrir síaukna skuldasöfnun á komandi árum. Ef ekki er gripið til aðgerða til að minnka hallann þá munu skuldir halda áfram að safnast upp þar til kemur að því að skera verður niður í rekstri ríkisins til að standa undir afborgunum á skuldum. Því þarf að taka á vandanum strax.

Í því frumvarpi sem fyrir liggur eru lagðar til ýmsar skattahækkanir auk þess sem auka á aðhald í rekstri og í tilfærslum. Frumvarpið styður því þau markmið sem ég nefndi hér að ofan. Ljóst er að þetta er einungis hluti af þeim aðgerðum sem ráðast verður í á næstu árum og því erfitt að leggja mat forgang einstakra aðgerða.

Vardandi einstakar tillögur vil ég nefna nokkur atriði. Lögð er til hækkun á tryggingagjaldi. Þar sem um beina hækkun á launakostnaði fyrirtækja er að ræða mun þessi hækkun minnka svigrúm þeirra til launahækkana. Hækkun virðisaukaskatts á ýmis matvæli úr lægra skattþrepi í það hærra mun væntanlega hafa einhver verðlagsáhrif, þó erfitt sé að segja hversu mikil þar sem svigrúm til verðhækkana er ekki mikið um þessar mundir. Við aðstæður þær sem nú ríkja er eðlilegt að þeir tekjuhærri beri meiri byrðar og því er álagning tímabundins hátekjuskatts eðlileg ráðstöfun. Hækkun á fjármagnstekjuskatti á sama tíma og verðbólga er há mun væntanlega leiða til þess að skatturinn verði að hluta skattur á verðbólgu en ekki skattur á raunvexti. Ég tel þó ólíklegt að það muni hafa áhrif á sparnað landsmanna eins og sakir standa.

Frumvarpið í heild er því nauðsynlegt fyrsta skref í átt til þess að ná jafnvægi í ríkisfjármálunum. Í vinnunni sem framundan er er nauðsynlegt að skoða allar mögulegar aðgerðir á gjaldahlið til þess að ná aukinni hagkvæmni í rekstri ríkisins til frambúðar. Þá er nauðsynlegt að í áætlun til næstu ára verði skoðað hvernig rekstur ríkisins eigi að vera eftir árið 2013.

Katrín Ólafsdóttir, lektor  
Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík  
Ofanleiti 2, 103 Reykjavík

Háskólinn í Reykjavík  
Ofanleiti 2, 103 Reykjavík  
Kringlan 1, 103 Reykjavík  
Höfðabakka 9, 110 Reykjavík  
Sími/Tel: (+354) 599 6200  
Fax: (+354) 599 6201  
www.hr.is